

**Nr. 092 / 13 Rauðinúpur ÞH 160****Vélarvana og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 6297  
Smíðaður: Noregur 1979, plast  
Stærð: 4,14 brl 3,64 bt  
Mesta lengd: 7,40 m Skráð lengd: 7,38 m  
Breidd: 2,16 m Dýpt: 1,40 m  
Vél: Sabb 24 kW, 1988  
Fjöldi skipverja: 2



Rauðinúpur©Fiski fréttir

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 2. maí 2014 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Pálma K. Jónssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 16. júní 2013 var Rauðinúpur ÞH 160 á siglingu fyrir Austfjörðum.

Veður: N 6 m/s.

Siglt var frá Kópaskeri og áleiðis til Djúpavogs en á leiðinni stöðvaðist vélin þrisvar án þess að skipverjar finnu orsök þess. Þeir komu henni í gang aftur eftir nokkuð þjark. Þegar komið var austur fyrir Húsavík gafst startarinn upp, en þá var búið að ræsa vélina tvisvar á siglingunni, og bátsverjar komu vélinni ekki í gang aftur.

Skipstjóri hringdi í Neyðarlínuna og bað um aðstoð við að draga bátinn til hafnar. Björgunarskipið Hafbjörg, sem var í útkalli, kom síðar og dró Rauðanúp til hafnar í Neskaupsstað.

**Við rannsókn kom fram:**

- að sögn fyrrverandi eiganda höfðu leiguliðar hans skipt um stjórnarkápa að vélinni. Þegar leitað var orsaka á ítrekaðri stöðvun vélarinnar kom í ljós að nýi barkinn hafði þrengt of mikið að olíuáðstreymislögn vélarinnar þegar hún gekk á fullri ferð og vélin viljað stöðvast öðru hvoru en þetta sagðist þáverandi eiganda ekki hafa haft vitneskju um. Startarinn hafi bilað en verið gert við hann til bráðabirgða og pantaður nýr sem ekki var kominn þegar farið var í umrædda sjóferð;
- að skipstjóri taldi að olíudælan hafi dregið loft inn á soglögn olíukerfisins þar sem nippilró á henni var sprungin í samsetningu við olútank. Hann sagðist ekki hafa þurft að lofttæma lagnir í þau tvö skipti sem hann gat ræst vélina með startaranum. Einnig hafi affallslögn frá spísum verið klesst saman en hún er tengd inn á olíulögnina.

**Nefndarálit:**

Orsök bilunarinnar var lélegur frágangur á stjórnarkápa að vél.